

# Skólanámskrá

## 2021 – 2022



Nám og kennsla  
7. bekkur

Umsjónarkennarar  
Heiðrún Rós Þórðardóttir  
Júlía Scheving Steindórsdóttir



## Efnisyfirlit














Bakgrunnsupplýsingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 7. bekk.....	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla .....	3
Námsmat.....	4
Lykilhæfni .....	4
Íslenska.....	4
Stærðfræði .....	5
Samfélagsgreinar .....	8
Náttúrugreinar .....	9
Enska .....	11
Danska.....	13
Heimilisfræði.....	13
Hönnun og smíði .....	14
Myndlist .....	16
Textílmennt .....	17
Upplýsinga- og tæknimennt .....	18
Skólaípróttir.....	18
Áhugasviðsverkefni - val.....	20
Tónmennt .....	20
Leiklist.....	21
















## Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 7. bekkjar eru Heiðrún Rós Þórðardóttir og Júlía Scheving Steindórsdóttir. Heimastofur eru 307 og 308. Stuðningfulltrúar eru Vordís Heimisdóttir, Sigurður Salómon Guðlaugsson og Jana Kharatian. Nemendur fá 35 kennslustundir á viku.

### Aðrir kennarar:

-  Íslenska – Júlía Scheving Steindórsdóttir, Guðmundur Ingvar Jónsson og Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir
-  Stærðfræði – Heiðrún Rós Þórðardóttir, Torfi Gíslason og Þórdís Björg Ingólfssdóttir
-  Enska – Anna Karakulina og Guðmundur Ingvar Jónsson
-  Danska – Anna Birna Gunnlaugsdóttir
-  Náttúrufræði – Hildur Björnsdóttir
-  Íþróttir – Heiðrún Rós Þórðardóttir og Margrét Ólöf Richardsdóttir
-  Sund – Helga Hafsteinsdóttir og Heiðrún Rós Þórðardóttir
-  Heimilisfræði – Gunnhildur Gunnarsdóttir
-  Textílmennt – Margrét Sigrún Þórólfsdóttir
-  Hönnun og smíði – Harpa Magnúsdóttir
-  Myndlist – Eric Hearn
-  Leiklist – Guðmundur Ingvar Jónsson
-  Upplýsingartækni – Anna Karakulina

## Viðmiðunarstundaskrá fyrir 7. bekk

-  Íslenska – 6 stundir
-  Stærðfræði – 6 stundir
-  Samfélagsgreinar – 3 stundir
-  Náttúrufræðigreinar – 3 stundir
-  Danska – 3 stundir
-  Enska – 3 stundir
-  Íþróttir/sund – 3 stundir
-  List- og verkgreinar – 4 stundir
-  Upplýsingar- og tæknimennt – 2 stundir (skiptitími á móti íslensku)
-  Tónmennt – 1 stund
-  Leiklist – 1 stund
-  Áhugasviðsverkefni /val – 2 stundir
-  **Samtals: 35 stundir á viku**

## Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsisnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgastrá má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.







90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
120	165	190



Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lestrarlag er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.

## Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni heldu aðeins Lokið og Ólokið. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

-  Ólokið ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
-  Hæfni ekki náð ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tókum á því.
-  Þarfnast þjálfunar ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
-  Á góðri leið ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
-  Hæfni náð ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
-  Framúrskarandi ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

## Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

## Íslenska

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 5.-7. bekk í fjóra flokka; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern flokk fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

### Hæfniviðmið

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"><li>• flutt laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun fyrir áheyrendur</li><li>• náð valdi á viðeigandi framsögn og framkomu sem stuðlar að sjálfsöryggi</li><li>• þjálfast í að hlusta á, sýna athygli og virðingu þegar aðrir eru að flytja mál sitt og koma skoðunum sínum á framfæri</li></ul>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"><li>• náð góðri færni í læsi</li><li>• lesið af öryggi og með viðunandi skilningi á almannan texta</li><li>• áttað sig á hugtökum í bókmenntum s.s. tími, umhverfi, aðal- og aukapersónur og myndmál</li><li>• þekkt einkenni þjóðsagna</li><li>• lesið nútímaskáldsögur og vinni verkefni þeim tengdum</li><li>• beitt hugtökum til að fjalla um innihald ljóða, s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap</li></ul>



Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• byggt upp texta á viðeigandi hátt og notað rétta greinamerkjasetningu</li> <li>• skrifað útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni</li> <li>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu</li> <li>• náð valdi á helstu atriðum stafsetningar</li> <li>• beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísa til heimilda</li> </ul>
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áttað sig á einkennum ákveðinna orðflokka. Skilgreint og nýtt þekkingu sína í ræðu og riti</li> <li>• beitt málfræðihugtökum</li> <li>• áttað sig á setningarlegum einkennum orðflokka</li> <li>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál</li> <li>• nýtt reglur og eigin þekkingu við ritun</li> </ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Orðspor 3 (lesbók og vinnubók), Þriðji Smellur, Töfraskinna, Margt býr í myrkrinu og annað bókmenntaverk, frjálslestrarbækur, ljósrít frá kennara, orðabækur og rafrænt námsefni.

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Unnið er með læsi í víðum skilningi þess orðs, meðal annars með heimalestri og lestri í skóla. Læsi er ekki einungis lestur á texta heldur læsi á umhverfi, aðstæður og atburði í daglegu lífi. Nemendur fá þjálfun í upplestri og lestri ásamt því að fá þjálfun í lesskilningi. Námsaðlögun fer fram í formi einstaklingsvinnu og hópavinnu þar sem hver nemandi vinnur út frá sinni getu og hæfni.

### ***Námsmat***

Yfirlitspróf í maí  
Lesfímipróf í september, janúar og maí  
Stafsetningar- og málfræðikannanir  
Vinnubækur metnar í lok annar  
Bókmenntaritgerð  
Fjögur lesskilningspróf á árinu

### ***Stærðfræði***

#### ***Hæfniviðmið***

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokkum. Þrjú flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svára má vænta.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.</li> <li>• sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.</li> <li>• sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.</li> </ul>
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.</li> <li>• túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákna og daglegs máls. Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.</li> <li>• valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> </ul>
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.</li> <li>• rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.</li> <li>• lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.</li> <li>• undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.</li> <li>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.</li> <li>• þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.</li> <li>• áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.</li> </ul>
Tölur og reikningur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.</li> <li>• notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.</li> <li>• skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.</li> <li>• reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.</li> <li>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.</li> <li>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.</li> <li>• notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.</li> </ul>
Algebra	<ul style="list-style-type: none"> <li>• rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.</li> <li>• notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.</li> <li>• fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.</li> </ul>
Rúmfræði og mælingar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.</li> <li>• rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn</li> <li>• notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.</li> <li>• áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.</li> <li>• rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,</li> <li>• notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni,</li> <li>• tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.</li> </ul>
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.</li> <li>• sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.</li> <li>• dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.</li> <li>• reiknað út líkur í einföldum tilvikum.</li> </ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Stika 3A og 3B, ljósritað efni og vefefni. Reiknivél, hringfari, reglustika, gráðubogi.

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Spurnar- og umræðukennsluaðferðir.

Nemendur vinna saman í hópum og þörum þar sem krafist er virkni allra og nemendur hvattir til að sýna frumkvæði í öllum sínum verkum.

Notast verður við beina kennslu, sýnikennslu, hópavinnu, leiki og spil, samvinnunám og upplýsingatækni.

Námsefni verður aðlagð að þeim nemendum sem þess þurfa, færri/fleiri dæmi eða annað námsefni.

## Námsmat

Notast verður við leiðsagnarmat ásamt lotukönnunum sem teknar eru yfir allt skólaárið. Lokamat í maí er gefið í bókstöfum.

## Samfélagsgreinar

### Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjú yfirflokkar: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagshheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
REYNSLUHEIMUR: Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann	<ul style="list-style-type: none"> <li>skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrir og nú.</li> <li>aflað sér metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.</li> <li>áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.</li> <li>gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.</li> <li>notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.</li> <li>rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.</li> <li>metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.</li> <li>rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.</li> <li>borið saman valin trúar- og lífsviðhorf..</li> <li>gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.</li> <li>lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.</li> <li>gert grein fyrir hugmyndum um sam hjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.</li> </ul>
HUGARHEIMUR: Sjálfsmynd: Hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.</li> <li>vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmýnda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.</li> <li>sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum</li> <li>sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni</li> </ul>
FÉLAGSHEIMUR: Samskipti: Hæfni nemandans til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	<ul style="list-style-type: none"> <li>tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</li> <li>borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</li> <li>rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðislegum toga.</li> </ul>





	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.</li> <li>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</li> </ul>
--	--

### **Kennsluefni og kennslugögn**

Evrópa - lesbók og vinnubók, Snorrasaga-lesbók og vinnubók (ljósrit), Fólk á flóttu, Rokk og róttækni, kortabók, fræðslumyndir, ljósrit og ítarefni frá kennara.

### **Kennsluhættir og námsaðlögun**

#### **Reynsluheimur:**

- Notast verður við ýmsar kennsluáðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum og má þar nefna: bein kennsla, fræðslumyndir, kannanir, hópavinna, spurnaraðferðir, umræður og vinnubókarkennsla.

#### **Hugarheimur:**

- Nemendur beita leitaraðferðum og kynnast vísindalegum vinnubrögðum og fá þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti.
- Nemendur læra að vinna með heimildir en mikilvægt er að þeir fái tækifæri til að nota skólasafnið og tölvur við heimildaleit.
- Nemendur fá þjálfun í að meta á gagnrýninn hátt áreiðanleika ólíkra heimilda og hvaða aðferðum er best að beita við upplýsingaleit og meðferð heimilda.

#### **Félagsheimur:**

- Nemendur fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum og læra að átta sig á samfélagslegum og siðferðislegum álitamálum.
- Nemendur fá að þroska hæfni sína til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra um efnið sem unnið er með og vinna síðan saman í litlum hópum eða þörum að lausn verkefna.
- Nemendur fá tækifæri til að tengja nærsamfélag sitt við þau viðfangsefni sem þeir eru að fást við hverju sinni.

### **Námsmat**

Próf, hópverkefni, glærुकynningar, vinnubók, stök verkefni, virkni og áhugi í tíma.

### **Náttúrugreinar**

#### **Hæfniviðmið**

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í tvo þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	
Geta til aðgerða	<ul style="list-style-type: none"> <li>• greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir</li> <li>• rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi</li> <li>• tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veга og meta ólíka kosti.</li> </ul>
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru</li> <li>• unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi</li> </ul>
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri,</li> <li>• lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>• útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks</li> <li>• tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.</li> </ul>
Vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni,</li> <li>• útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum</li> <li>• aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku</li> <li>• beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið</li> <li>• kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur</li> <li>• sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt</li> <li>• hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.</li> </ul>
Ábyrgð á umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa</li> <li>• lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni</li> <li>• tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð</li> <li>• gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama</li> <li>• tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið um viðfangsefni</b>	
Að búa á jörðinni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum,</li> <li>• útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist,</li> <li>• rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs,</li> <li>• lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi,</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægarskiptum og því að tíminn líður,</li> <li>• notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins.</li> </ul>
Lífsskilyrði manna	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu,</li> <li>• gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun</li> </ul>
Náttúra Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi</li> <li>• lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt</li> <li>• lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland</li> <li>• útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér</li> </ul>
Heilbrigði umhverfisins	<ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs</li> </ul>
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar</li> </ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Auðvitað jörð í alheimi, Lífríkið í sjó, Náttúrulega, Geimurinn, Hreint haf, ljósrituð verkefni og efni frá kennara, myndbönd námsefninu til stuðnings og ýmis áhöld fyrir verklega vinnu.

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Umræðu- og spurnaraðferðir, útlistunarkennsla, hópavinna, verklegar æfingar og lausnaleitarnám. Námsaðlögun fer fram í formi einstaklingsvinnu og hópavinnu þar sem hver nemandi vinnur út frá sinni getu og hæfni.

### ***Námsmat***

Er metið út frá einstaklings og hópaverkefnum, vinnu möppu, verklegum æfingum, stuttum könnunum og þátttöku í tímum.

## **Enska**

### ***Hæfniviðmið***

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum í ensku skipt upp í þrjú stig með jafna tímaskiptingu að baki í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemandur náð hæfni á 3. stigi. Hæfniviðmiðin eru þannig upp sett að efst eru nokkurs konar yfirviðmið sem síðan eru útfærð nánar. Þessi þriggja stiga rammi á að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitir ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi.



Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> <li>skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li> <li>fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.</li> </ul>
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> <li>skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. af myndum.</li> <li>fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> </ul>
Samskipti	<ul style="list-style-type: none"> <li>spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.</li> <li>tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li> </ul>
Frásögn	<ul style="list-style-type: none"> <li>sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.</li> <li>endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.</li> </ul>
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <li>skrifað texta með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.</li> <li>lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</li> <li>samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</li> </ul>
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í ensku eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</li> </ul>
Námshæfni	<ul style="list-style-type: none"> <li>beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.</li> <li>nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</li> <li>tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.</li> </ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Action– lesbók og vinnubækur, Enskar málfræðiæfingar C, Ýmis ljósrít og yndislestrarbækur.

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Áhersla er lögð á lestur og lesskilning og verður notast við fjölbreytta texta bæði úr Action og af netinu. Unnið verður með lesskilning samhliða lestrinum hverju sinni. Nemendur taka þátt í samræðum í kennslustundum um efni sem bæði tengist þeim persónulega og námsefninu sem fjallað er um hverju sinni þar sem þeir þurfa bæði að tjá sig, hlusta á aðra og sýna leikni sína í samskiptum. Hlustunaræfingar, Samræður, paravinna og hópavinna þar sem nemendur segja frá efni sem tengist námsefninu og þeim persónulega. Ýmis ritunarverkefni unnin jafnt og þétt yfir skólaárið t.d. skrifa texta upp úr námsbókum, segja frá sjálfum sér, þýðing íslenska/enska– enska/íslenska og eyðufyllingar. Í innlögnum verður ensk málfræði tengd við íslenska til að auðvelda nemendum að skilja uppbyggingu tungumálsins. Kennari og nemendur nýta upplýsingatækni í náminu. Allir þessir kennsluhættir gera þá kröfu að nemandi sýni fjölbreytta námshæfni bæði sem einstaklingur og sem hluti af hóp.



### **Námsmat**

Hæfni er metin út frá einstaklings- og hópaverkefnum sem snúa að frásögn og samskiptum. Nemendur taka lesskilningspróf og hlustunarpróf. Málfræðikannanir eru teknar reglulega yfir skólaárið og auk þess skila nemendur ritunarverkefnum jafnt og þétt yfir skólaárið. Lagt verður mat á kynningar og frásagnir nemenda í kennslustundum og tekið verður mið af frammistöðu í kennslustundum. Undir lok skólaársins taka nemendur yfirlitspróf.

## **Danska**

### **Hæfniviðmið**

Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrjú stig með jafna tímaskiptingu að baki í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi. Hæfniviðmiðin eru þannig upp sett að efst eru nokkurs konar yfirviðmið sem síðan eru útfærð nánar. Þessi þriggja stiga ramma á að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi.

<b>Námsflokkar</b>	<b>Hæfniviðmið, að nemandi geti:</b>
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"><li>skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum</li></ul>
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"><li>skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. af myndum</li></ul>
Samskipti	<ul style="list-style-type: none"><li>spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst</li><li>tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar</li></ul>
Ritun	<ul style="list-style-type: none"><li>sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt</li></ul>

### **Kennsluefni og kennslugögn**

Start les- og vinnubók. Kvikmyndir og tónlist, ýmis verkefni af netinu og ljósrit frá kennara

### **Kennsluhættir og námsaðlögun**

Kennsluhættir eru margskonar, s.s. einstaklings-, para- og hópavinna, innlögn og lausnaleitarnám allt eftir því hvað hæfir viðfangsefninu hverju sinni.

### **Námsmat**

Prófað er í lesskilningi, ritun, munnlegri færni og hlustun, ásamt orðaforða og málfræðiþrófum.

## **Heimilisfræði**

### **Hæfniviðmið**

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.



Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Meningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið einföld verkefni í hópi, útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið • fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín</li> </ul>
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti</li> <li>• valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan</li> <li>• farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd</li> </ul>
Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir</li> <li>• farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsahöld</li> <li>• sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi</li> <li>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, neringarfræði og meðferð matvæla</li> </ul>
Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni</li> <li>• skilið einfaldar umbúðamerkingar</li> </ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Gott og gagnlegt 3 fyrir 7. bekk, ásamt ljósrituðu efni frá kennara

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Kennari og eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa að því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu. Bæði verklega og bóklega.

### ***Námsmat***

Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tímum bæði bóklegri og verklegri.

## **Hönnun og smíði**

### ***Hæfniviðmið***

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Meningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar</li> <li>• hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni • tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,</li> <li>• beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir</li> <li>• gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina</li> <li>• gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans</li> <li>• sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði</li> <li>• lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum</li> </ul>
Handverk	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki, gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni</li> </ul>
Hönnun og tækni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu</li> <li>• lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð</li> <li>• valið samsetningar og yfir- borðsmeðferð sem hæfa verkefnum</li> <li>• hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum</li> <li>• lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu</li> <li>• greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.</li> </ul>
Umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni</li> <li>• gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra</li> <li>• útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.</li> </ul>

### **Kennsluefni og kennslugögn**

Efni af vef, handbækur og blöð

### **Kennsluhættir og námsaðlögun**

- Fyrirlestur/Innlögn í upphafi annar
- Sýnikennsla (einstaklings-/hópakennsla) sem á sér stað yfir alla önnina og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinni
- Einstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð
- Samvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunum
- Umræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun, skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræður sem einkennast af gagnrýnni hugsun.
- Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd

### **Námsmat**

- Námsmat byggist á símati kennara





- Mati nemenda á vinnu sinni
- Nemendur fá jafnóðum hvatningu og vitneskju um árangur sinn

## Myndlist

### Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forskundur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst hvernig listamenn nota sama þemað með því að nota mismunandi fjölmiðla og stíla</li> <li>• lýst hvernig jafnvægi er notað á áhrifaríkan hátt í listaverki (samhverf, ósamhverf, hringlaga).</li> <li>• nýtt ýmiskonar nálganir teiknitækninnar til að lýsa margvíslegum viðfangsefnum</li> </ul>
Sjónlistir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• rætt um listaverk með tilliti til þema, tegundar, stíls, hugmyndaflugs og aðgreiningar í fjölmiðlum</li> <li>• notað reglur um tvíþátta sjónarhól í sköpun á þemabundnu listaverki</li> <li>• teiknað mynd með því að nota margvíslega litabrigði, skugga og áherslur</li> <li>• skapað stigaukandi, flókin, frumleg listaverk sem endurspeglar persónulegt val og framför í færni</li> <li>• skoðað valin listaverk úr menningu og lýsa hvernig þau hafa breyst með tilliti til þema, innihalds og yfir visst tímabil</li> <li>• skilgreint og lýst hvernig menning þeirra endurspeglar í nútíma listaverkum</li> <li>• breytt, lagað eða endurgert þeirra eigin listaverk, eftir gagnrýnisgjöf, ásamt því að lýsa ástæðunum fyrir breytingunum</li> <li>• rannsakað hvernig hefðbundnir karakterar ( eins og glæponinn), sem finnast í margvíslegum menningarheimum úr sögunni og nútímanum, er lýst í myndskreytingum. sjónrænar samlíkingar sem sýna fram á hefðir og hjátrú í völdum menningarheimum</li> </ul>

### Kennsluefni og kennslugögn

*Lesefni:* The Usborne Book of Art Skills, Art in Action, Listasaga, Frá Hellalist til 1900.

*Efni á netinu:* Mrs Brown art lessons, National Gallery of art og Tate Kids.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, teikning og málung.

### Námsmat

Óformlegt mat kennara á vinnu nemenda: Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og





uppbyggilega umsögn til nemandans.

Fullklárað lokaverkefni sem uppfyllir markmið námskeiðsins

Teikniblokkir: Veita nemendum tækifæri til að skrá hjá sér hugsanir sínar með teikningum, pári eða einföldu kroti og glósum til viðbragðs við nýjum hugtökum sem farið er hugsanlega yfir í tímum.

## Textílmennt

### Hæfniviðmið

Textílmennt þjálfar nemendur í fínhyfningum, samvinnu og eflir þrautseygju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi:
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• átti sig á endurvinnslu efna og textíls.</li></ul>
Handverk, aðferðir og tækni	<ul style="list-style-type: none"><li>• þjálfi leikni sína á þau verkfæri sem notuð er í Textílmennt s.s skæri, nálar og fl.</li><li>• geti þrætt saumavél</li><li>• geti notað saumavél á skilvirkan hátt</li><li>• geti teiknað upp snið</li><li>• geti klippt tvöfalt efni</li><li>• geti nýtt sér vinnulýsingu á vinnuferli</li></ul>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<ul style="list-style-type: none"><li>• geti notað skapandi hugsun í vinnuferli</li><li>• geti útfær verkefnið sitt og unnið með hugmynd sína frá efni í fullunninn hlut</li><li>• geti nýtt sköpunarmátt sinn með vali á litum og efni í verkefni sitt</li><li>• geti geta unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og notað handbækur</li></ul>
Menning og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"><li>• geti fjallað um fagurfræðilegt og hagnýtt gildi handverks, bæði í eigin verkum og annarra út frá menningalegum gildum.</li><li>• geri sér gróflega grein fyrir að hvert tímabil hefur sín einkenni í tískustraumum.</li></ul>

### Kennsluefni og kennslugögn

Bækur, snið, myndir og myndbönd. Saumavél og önnur verkfæri sem tilheyra Textílmennt.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

Lausnarleitarnám, bein kennsla, samvinnunám, hugmyndavinna, sköpun og spuni, leitaráðferð, tjáning, umræður og miðlun.

Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrr fá aukaverkefni.

Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

### Námsmat

Vinna nemanda er metin út frá hæfniviðmiðum og símati. Lokanámsmat er gefið í bókstöfum.



## Upplýsinga- og tæknimennt

### Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferði og öryggismál.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Vinnulag og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og samvinnu með öðrum.</li> </ul>
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<ul style="list-style-type: none"> <li>unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.</li> </ul>
Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.</li> </ul>
Sköpun og miðlun	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.</li> </ul>
Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.</li> </ul>

### Kennsluefni og kennslugögn

Vinna inn á Google Classroom. Unnið verður með Google Docs, Sheets og Slides. Einnig nota nemendur Anchor forrit til að búa til hlaðvarp. Sphero róbotar notaðir í forritunarverkefni.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennsla fer fram í formi innlagna og verklegra æfinga. Nemendur horfa á myndband og svo vinna eftir leiðbeiningum á sinn eigin hátt. Stundum fá nemendur stutt fyrirlestur og útskýringar um verkefni sem þau þurfa að vinna svo.

### Námsmat

Kennari fylgist með að nemandi vinni þau verkefni sem á að vinna. Nemandi skilar verkefnum til kennara inn á Google Classroom þar sem hann fer yfir og aðstoðar við að betrubæta.

## Skólaípróttir

### Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu</li> </ul>
Félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"> <li>rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllum og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi</li> </ul>



Heilsa og efling þekkingar	<ul style="list-style-type: none"><li>• tekið þátt í ýmsum leikjum</li><li>• notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum</li><li>• tileinkað sér hreinlæti og hollustuhætti</li></ul>
Öryggis- og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none"><li>• farið eftir öryggis-, skipulags og umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum</li><li>• gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið</li></ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Öll almenn áhöld íþróttahúsa og sundlauga.

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu

Kennari kennir nemendum ákveðna færni í hinum ýmsu æfingum svo námsmarkmið árgangsins náist. Síendurteknar æfingar með hliðsjón af námsmarkmiðunum eru lykillinn að því að þau náist

Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrirmælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum

Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun

### ***Námsmat***

#### ***Íþróttir***

Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið.

Verkleg próf – Hæfni nemenda metin: Framúrskarandi - Hæfni náð - Á góðri leið - Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð

- Þolpróf, sippa, langstökk án atrennu, armbeygjur, liðleiki og jafnvægi

Áhugi og virkni:

- Nemandi alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
- Nemandi oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
- Nemandi oft áhugasamur og virkur í kennslustund
- Nemandi sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund
- Nemandi tekur sjaldan eða aldrei þátt í kennslustund

Sund - Nemendur fá lokaekunnina: Lokið – Ólokið.

Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti fimm af sex hæfniþáttum til að ná 7. sundstigi.

Verkleg próf – Hæfni nemenda metin: Framúrskarandi - Hæfni náð - Á góðri leið - Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð

- 300 m bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mín.
- 50 m skólabaksund (stílsund, einkunn gefin).
- 15 m björgunarsund með jafningja (stílsund, einkunn gefin).
- 8 m kafsund (stílsund, einkunn gefin).
- Sund í fötum
- Val um, 50 m bringusund (tímataka) eða 25 m skriðsund (tímataka).

## Áhugasviðsverkefni - val

### Hæfniviðmið

Nemendum á miðstigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega

Námsflokkar	Hæfniviðmið
Markmiðasetning	Nemendur setja sér markmið og fylgja hugmyndum sínum eftir
Vinnubrögð	Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

### Kennsluefni og kennslugögn

Eftir þörfum hvers og eins.

### Kennsluhættir og námsaðlögun

Nemendamiðuð kennsla. Kennari er í hlutverki aðstoðarmanns og nemandinn setur sér markmið og fylgir þeim eftir.

### Námsmat

Lokið/ólókið. Metið verður í des og maí en þá kynna nemendur verkefni sín

## Tónmennt

### Hæfniviðmið

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi til að nemendur geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl nónlistar, gert sér grein fyrir gildi og noti hennar. Tónlist er tengd öllu skólastarfi og því samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Unnið með grunnþætti tónlistar</li><li>• Þjálfað virka hlustun í gegnum samspil og leiki</li><li>• Hlustað, metið og notið mismunandi tónlistar og fræðast um ólík hljóðfæri</li><li>• Greint einföld stílbrögð í tónlist (t.d. popp, rokk)</li><li>• Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun</li><li>• Læri að vinna í hóp, bera virðingu fyrir öðrum og taka ábyrgð á eigin hlutverki</li></ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Námsgögn frá kennara.

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna og söngur.

### ***Námsmat***

Virkni og frammistaða í tímum, einstaklings- og hópaverkefni.

## **Leiklist**

### ***Hæfniviðmið***

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir leiklist tengd sviðslistum. Markmiðið er nemendur þjálfist í aðferðum leiklistar, fái tækifæri til að setja sig í spor annarra, auk þess að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

<b>Námsflokkar</b>	<b>Hæfniviðmið, að nemandi geti:</b>
Leiklist	<ul style="list-style-type: none"><li>• nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.</li><li>• nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.</li><li>• beitt fleiri en einu formi leiklistar s.s. látbragðsleik og kyrrmyndum.</li><li>• flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.</li><li>• nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.</li><li>• skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.</li><li>• sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu.</li><li>• rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.</li></ul>

### ***Kennsluefni og kennslugögn***

Hagnýt leiklist: Aðferðir leiklistar nýttar til náms og þroska

Leiklist í kennslu: Handbók fyrir kennara

Snorra Saga – samþætting við samfélagsfræði

Ýmis leikrit af vefnum Leikritasmiðjan: <https://vefir.mms.is/leikritasmiðjan/>

### ***Kennsluhættir og námsaðlögun***

Kennari skiptir nemendum í hópa og pör þar sem nemendur vinna að viðfangsefnum í tengslum við námsefnið.



Ýmis konar leikir eins og t.d. spunaleikir, látbragðsleikir, leikir þar sem unnið er með kyrrmyndir og leikir þar sem unnið er með mismunandi blæbrigði raddar.

Seinni hluta skólaársins tökum við fyrir ákveðið leikverk og vinnum saman með það þar sem hver nemandi sinnir hlutverki/verkefni við hæfi.

Leikverkið verður síðan frumflutt á árshátíð Njarðvíkurskóla þann 7.apríl 2021.

### ***Námsmat***

Frammistaða í tímum.